~ Terra Gallina ~

# LESTRAR-SPRETTUR

## Lindu landnámshænu






### Hefur þú komið til Terra Gallina?

**Linda landnámshæna** fann fjársjóðskort í hillunni hjá afa sínum **kapteini Langlegg**, sem hvarf á undarlegan hátt ásamt páfagauknum sínum, **Hananú**. Búðu til þitt eigið vegabréf og farðu í svakalega svaðilför með Lindu landnámshænu. Kannski rekist þið á afa Langlegg og Hananú!

**Þetta verður ævintýri líkast! Þú getur heimsótt borgina Santíeggó, siglt yfir Fjaðrafjörð, skoðað pýramídana í Eggyptalandi og endað í sólinni á Hanama.**

Það eina sem þú þarft að gera er að lesa í 15 mínútur á dag þar til þú lendir á stjörnu.

Þá getur þú farið á bókasafnið þitt og fengið **stimpil** í vegabréfið.

Takmarkið er svo auðvitað að heimsækja alla áhugaverðu staðina í Hænulandi (það er sko það sem Terra Gallina þýðir) og fá stimpil á allar stjörnurnar.
Fyrir hvern stimpil færðu **happamiða** og gætir unnið verðlaun.
Hver veit nema heppnin verði með þér!

## Kíktu við á bókasafninu, fáðu vegabréf, byrjaðu að lesa og leggðu af stað í geggjað ferðalag!

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS
FFÁS
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
SFA.IS
Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO City of Literature
Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið
SVAKALEGA SÖGUSMIÐJAN
Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
Bókasafn Kópavogs
KRAKKARÚV

sumarlestur.is

2195 MMS | Lestrarsprettur Lindu landnámshænu | Teikningar og hönnun: Blær Guðmundsdóttir